

Reykjanesbær
bt. Gunnars Kristins Ottóssonar, skipulagsfulltrúa
Tjarnargötu 12,
230 Reykjanesbær

Reykjavík 17. desember 2021

Efni: Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035

Bréf þetta er ritað f.h. landeigenda að Kalmanstjörn og Junkaragerði í Reykjanesbæ. Í gildandi aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 er gert ráð fyrir efnistöku í Sandvík, efnisnáma merkt E4 í gildandi aðalskipulagi.

Í kynningu á vinnslutillögu fyrir bæjarfulltrúum á nýju Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 dags. 17. ágúst 2021 kemur fram að fyrirhugað er að taka framangreint efnistökusvæði út úr aðalskipulaginu. Landeigendur mótmæla harðlega þessum áformum. Efnistaka hefur verið stöðug úr námunni um áratuga skeið með tilheyrandi tekjum fyrir landeigendur. Fyrirsjáanlegt er, miðað við fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu, að verulegur markaður er fyrir malarefni á svæðinu og öruggt að þörf er á enn frekari efnistöku úr námunni í nánustu framtíð. Verði efnisnáman tekin út úr skipulagi mun það hafa verulegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir landeigendur. Ekki verður að auki séð að nein þörf sé á að taka námuna út af aðalskipulaginu. Vel mætti hins vegar hugsa sér, í anda meðalhófs, að takmarka stærð hennar eitthvað og færa til á korti til samræmis við hvar raunveruleg efnistaka hefur farið fram.

Verði fyrirætlanir Reykjanesbæjar um að fella námuna út úr aðalskipulagi að veruleika munu landeigendur krefja sveitarfélagið um bætur á grundvelli 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað er eftir fundi með sveitarfélaginu um málefni þetta áður en lengra er haldið með skipulagsvinnuna.

Virðingarfyllst,

f.h. landeigenda

Gústaf Vífilsson, verkfr.